

# Íslenskur iðnaður

F R É T T A B R É F

01. tbl. • Janúar 1999

## Nýsköpunar- verðlaun forseta Íslands afhent

Harpa Birgisdóttir hlaut Nýsköpunar-  
verðlaun forseta Íslands við hátíðlega  
athöfn á Bessastöðum 22. janúar sl.  
Verkefni Hörpu nefnist „Fokgirmi og  
bindieiginleikar foksands.“ Formaður  
dómnefndar, Sveinn Hannesson, nefndi  
að tilgangur verkefnisins væri að rann-  
saka hvernig stjórna megi bindieigin-  
leikum sandkorna með því að stjórna  
rakastigi jarðvegsins (vökvun) og með  
íblöndun efna sem auka viðloðun sand-  
kornanna. Verkefnið er unnið að  
frumkvæði Línuhönnunar hf. og undir  
leiðsögn Hafsteins Helgasonar.



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Hörpu Birgisdóttur verðlaunin

## Nemar í vörustjórnun hljóta viðurkenningu SI



Nýlega veitti Haraldur Sumarliðason,  
formaður Samtaka iðnaðarins, þeim  
Ásgeiri Jónssyni og Magna Þór Sam-  
sonarsyni, nemendum á vörustjórn-  
unarsviði Tækniskóla Íslands, sér-

staka viðurkenningu fyrir hagnýtt  
gildi lokaverkefnis við skólann.

Þetta var í fyrsta sinn sem Samtökin  
afhentu þessi verðlaun en þau felast í  
viðurkenningarskjali og sérstökum  
farandgrip sem mun prýða húsakynni  
Tækniskólans. Í ræðu Haraldar kom fram  
að Samtök iðnaðarins og Iðntækni-  
stofnun, með stuðningi Iðnlánasjóðs,  
hafa á undanföllum misserum rekið  
vörustjórnunarverkefni sem 30 fyrirtæki  
úr ólíkum greinum iðnaðar hafa nýtt sér.  
Haraldur minnti á að Samtök iðnaðarins  
vildu að starf Tækniskólans yrði eftir á  
komandi árum. Sérstaklega væri mikil-  
vægt að aðgangur iðnmenntaðra manna  
að tæknigreinum á háskólastigi væri  
tryggður hér eftir sem hingað til.

### Efnisyfirlit

Leiðari:

Víti til varnaðar

•

Um tryggingagjald  
mismunun og óvissu

bls. 4

•

Evrópska ánægjuvugin

bls. 6

•

Einokunarhringur dæmdur

bls. 9



# Víti til varnaðar

Í stuttri áramótahugleiðingu eftir Harald Sumarliðason, sem birtist í Morgunblaðinu, gerði hann að umtalsefni að stjórnvöld og embættismenn ættu að hafa í huga að þeir eru þjónar fólksins og fyrirtækjanna í landinu en ekki herrar. Englendingar tala um þjóna almennings (Public servants) en í okkar ráðuneytum er fátt um fólk sem lítur á sig sem þjóna almennings en hins vegar er þar varla nokkur maður sem er ekki að minnsta kosti deildarstjóri yfir sjálfum sér. Haraldur leggur til að áður en ný öld gengur í garð verði gert átak til þess að uppræða opinbera starfsmenn um að það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra að fyrirtækin okkar gangi vel og skapi sem mest verðmæti fyrir okkur öll.

## LÍFVÆNLEG STARFSSKILYRÐI

Stjórnvöld þurfa að sýna atvinnulífínu skilning og hafa vakandi áhuga á að rekstrarskilyrðin séu þannig að heilbrigður atvinnurekstur fái þrífist. Atvinnulífið er ekki að kalla eftir auknum opinberum afskiptum af atvinnurekstri og enn síður aukinni þátttöku opinberra aðila í atvinnurekstri. Stjórnvöld eiga að móta starfsskilyrðin en ekki búa til störf. Ríkisstjórnin má gjarna fá verðlaun fyrir frumkvöðlastörf við einkavæðingu á hverju ári næstu árin því að af nógu er að taka. Sveitarstjórnir mættu líka gjarna vinna til einhverra verðlauna á þessu sviði. En opinberir aðilar þurfa að vera vakandi yfir því að starfsskilyrðin séu þannig að fyrirtæki geti vaxið og dafnað. Víða í Evrópu, ekki síst á Norðurlöndunum og í Þýskalandi, hafa stjórnámálemenn í góðri trú samið reglur um ýmis réttinda-

mál og félagslegar úrbætur og sent reikninginn til atvinnurekenda í formi launatengdra gjalda.

## VANDINN LEYSTUR MEÐ HÆRRI LAUNAKOSTNAÐI

Menn hafa bæði talað um þýska efnahagsundrið og sænska módelið og lengi vel virtist svo sem framleiðniaukning gæti endalasta staðið undir auknum ríkisútgjöldum í þessum iðnríkjum. Smám saman þyngdist þó þessi byrði þótt henni væri mætt með hagræðingu og tæknivæðingu í atvinnulífínu. Þegar atvinnureksturinn getur ekki greitt sínu fólki mannsæmandi laun er lausnin sú að flytja inn fólk frá Austur- og Suður-Evrópu. Innflutt vinnuafli skapar nýjan vanda því að aðkomumenn eru taldir taka störf af heimamönnum. Dæmigerð lausn stjórnámálamannanna er að setja lög um lágmarkslaun til að hindra innflutning á ódýru vinnuafli. En slík lagasetning gerir bara illt verra því að afleiðingin verður sú að unga fólkið kemst aldrei inn á vinnumarkaðinn en hinum er ýtt út sem standa höllum fæti vegna aldurs eða af öðrum orsökum. Aukinn launakostnaður hvetur til aukinnar vélvæðingar og ýtir um leið enn fleira fólki út úr fyrirtækjunum. Atvinnuleysið vex og verður að óviðráðanlegu vandamáli.

Stjórnámálemennirnir lofa auðvitað að leysa þetta vandamál. Þeirra lausnir eru t.d. að stytta vinnuvíkuna, lengja fæðing-arorlof, senda fjölda fólks í frí á launum til þess að hleypa fleirum að í þau störf sem til eru, hækka atvinnuleysisbætur til hinna o.s.frv. o.s.frv. Listinn gæti orðið langur ef telja ætti upp öll þau úrræði sem stjórnámálemenn á Vesturlöndum hafa upp hugsað til þess að draga úr at-

vinnuleysi og bæta félagslega stöðu atvinnulausra og annarra þeirra sem taldir eru standa höllum fæti í lífsbaráttunni. En hvert á að senda reikninginn fyrir allar þessar umbætur? Hann leggst auðvitað á launakostnaðinn.

## TRYGGINGAGJALDIÐ

Í þessu tölublaði af fréttabréfi Samtaka iðnaðarins rekur Ingólfur Bender, hagfræðingur SI, sögu tryggingagjaldsins. Saga þess, segir hann, er saga mismununar sem byggðist á þeirri löngu afsönnuðu hagfræðikenningu að það hægði á hagvexti ef útflutningsgreinarnar þyrftu að keppa við aðrar greinar um vinnuaflið. En saga tryggingagjaldsins einkennist ekki aðeins af mismunum sem ákveðið hefur verið að afnema í áföngum og lýkur um næstu áramót. Það er nefnilega stöðugt verið að breyta tryggingagjaldinu. Þegar atvinnuleysi minnkar gefst færi á að skjóta inn nýju gjaldi til góðra verka í stað þess að lækka gjaldð en þegar atvinnuleysið eykst er atvinnurekstrinum sendur reikningurinn í formi hækkaðs tryggingagjalds.

Lægra gjaldþrep tryggingagjalds, sem var 2,50% 1. janúar 1991, hefur verið breytt níu sinnum og er nú 4,78%, ekki eingöngu vegna samræmingar gjaldsins heldur að stórum hluta vegna hækkana á gjaldinu. Það er rétt að launatengd gjöld eru sums staðar hærri en hér á landi en það er ekki þar með sagt að við þurfum þess vegna endilega að gera sömu mistök og þeir og með sömu afleiðingum. Þróun síðustu ára sýnir hins vegar glöggt hvert stefnir.

*Sveinn Hannesson*



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
01. TBL. Janúar 1999  
ISSN 1022-7741  
Fór í prentsmiðju: 25.01.1999  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar:  
Vala Óla.  
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail: thora@si.is

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason  
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir  
Efnisstjórar: Ingi Bogi Bogason og  
Þóra Ólafsdóttir  
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.  
Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

# Upplýsingabrunnur um ár 2000 vandann

Innan skamms munu Samtök iðnaðarins opna upplýsingabrunn á vef sínum «[hyperlink http://www.si.is](http://www.si.is)» um ár 2000 vandamálið. Upplýsingabrunnurinn mun m.a. hafa að geyma lýsingu á hefðbundinni aðferðafræði við framvindu ár 2000 verkefna, yfirlit yfir þjónustuaðila slíkra verkefna og upplýsingar frá seljendum og framleiðendum helsta vél- og hugbúnaðar sem er í notkun hjá fyrirtækjum.

Einnig munu Samtökin stuðla að reynslumiðlun milli félagsmanna þar sem komið verður á framfæri upplýsingum um hugsanleg vandamál sem koma í ljós við yfirferð á búnaði fyrirtækjanna.

Vonast er til að félagsmenn bregðist vel við og miðli af reynslu sinni við úttektir innan fyrirtækjanna og komi með ábendingar um efni sem á heima í slíkum upplýsingabrunni.

## HVERNIG ER ÁSTANDIÐ HJÁ FYRIRTÆKJUM

Dæmigerðar niðurstöður hjá þjónustuaðilum hafa sýnt að allt upp í 40 – 50 % tölvukosts fyrirtækja er ekki ár 2000 heldur og það svari ekki kostnaði að lagfæra allt að helmingi þeirra. Einnig hefur komið í ljós að oft á tíðum eru margar tegundir vél-, hugbúnaðar og framleiðslustýringa í notkun innan fyrirtækja þar sem erfitt er að staðfesta 2000 heldni nema þau séu sérstaklega yfirfarin.

Í nýlegri Gallupkönnun á vegum Skýrslutæknifélags Íslands, sem gerð var hjá um 400 íslenskum fyrirtækjum, kom í ljós að skoðun stjórnenda þeirra er sú að hér sé um mikið vandamál að ræða en telja að vandinn liggi fyrst og fremst hjá einhverjum óskilgreindum almenningi og öðrum fyrirtækjum en þeirra eigin. Samkvæmt könnuninni er ekkert farið að athuga þessi mál hjá fjórða hverju fyrirtæki. Þriðja hvert fyrirtæki hefur ekki látið skoða eigið bókhaldskerfi og 40% hafa ekki athugað annan hug- og vélbúnað.



að. Ástandið er enn verra þegar kemur að öðrum tæknibúnaði og hættu er á að hugsanlegur vandi, sem felst í ýmiss konar iðnstýringum og ívafskerfum framleiðsluvéla- og tækja, sé stórlega vanmetinn. Seinagangurinn í þessum efnum getur reynst fyrirtækjunum afar kostnaðarsamur. Sem dæmi er það vel þekkt í útboðsverkum að þegar verkkaupi þjappar verktímanum saman meira en góðu hófi gegnir þrýstir það kostnaðinn upp úr öllu valdi.

## HEFJA STRAX GREINGU OG FORGANGSRÖÐUN

Mikilvægt er að þau fyrirtæki sem ekki hafa hafið skoðun á sínum aðstæðum vegna 2000 málsins, hefjist handa sem allra fyrst svo að hugsanlegum rekstrartruflunum verði haldið í lágmarki.

Skráning á kerfum og tölvubúnaði þar sem meðhöndlun dagsetninga á sér stað er eitt af fyrstu aðgerðum við greiningu vandans. Slík greining og yfirlit yfir búnað ætti í sjálfu sér að nýtast fyrirtækjum á ýmsan annan hátt en vegna 2000 mála s.s. vegna eignamats og viðhaldsmála. Eftir slíka greiningu er mikilvægt


að forgangsraða skoðunum og prófunum á tölvubúnaði þar sem mikilvægara er að framleiðslukerfi fyrirtækja séu starfhæf eftir aldamótin en ýmis annar búnaður svo að dæmi sé tekið.

Samtök iðnaðarins munu eftir fremsta megni reyna að leiðbeina félagsmönnum sínum um rekstur 2000 verkefna og verður áður nefndur vefur mikilvægur vettvangur vegna þessa.

*Guðmundur Ásmundsson*

Lifandi fréttavefur

[www.si.is](http://www.si.is)



# Um tryggingagjald, mismunun og óvissu

Saga tryggingagjaldsins er saga mismununar. Fyrirtæki hafa verið dregin í dilka eftir imynduðu mikilvægi þeirra fyrir þjóðarbúið. Þannig hafa fyrirtæki í landbúnaði, fiskveiðum og framleiðsluina greitt lægra gjald en fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Þessi dilkadráttur byggðist á djúpstæðum fræðilegum misskilningi þess efnis að hagvöxtur væri hægari þegar útflutningsgreinarnar kepptu á jafnræðisgrundvelli við aðrar greinar um vinnuaflið. Þessi fræði hafa verið dæmd dauð og ómerk. Eftir standa þó einstaka minnisvarðar sérgreindrar atvinnustefnu í skattkerfinu.

## Á NÆSTA ÁRI MUN LJÚKA MISMUNUN Í TRYGGINGAGJALDSKERFINU

Þá verður fyrirtækjum í öllum greinum gert að greiða sama hlutfall af greiddum vinnulaunum. Samtök iðnaðarins studdu þessa breytingu en hafa hins vegar gagnrýnt harðlega aukna skattheimtu í þessu formi. Aukin skattheimta af því tagi eykur enn við miklar innlendar kostnaðarhækkningar sem um þessar mundir vega að arðsemi og markaðsstöðu íslenskra fyrirtækja.

## SÍFELLDAR BREYTINGAR

Saga tryggingagjaldsins er saga stefnuleysis og sífelldra breytinga. Svo margar hafa breytingarnar verið að of langt mál er upp að telja. Tekið skal dæmi af einni grein laganna er kveður á um hundraðshluta gjaldsins. Lægra gjaldstiginu hefur verið breytt átta sinnum frá gildistöku laganna en því hærra sex sinnum. Lengst hefur gjaldsstigið haldist stöðugt í tæp tvö ár þ.e. frá febrúar 1992 til janúar 1994 en líftími breytinga hefur farið allt niður í fjóra mánuði. Þessu til viðbótar hafa greinar verið færðar milli gjaldstiga. Hótelgisting var færð í lægra gjaldstigið í janúar 1994. Hugbúnaður ásamt veitingarekstri og leigu bifreiða fylgdi í maí sama ár. Í apríl 1995 voru orlofshús, bændagisting, tjaldaæði og framleiðsla kvikmynda og myndbanda færð í lægra gjaldþrepið. Að lokum var með bráðabirgðalögum heimilað að endurgreiða trygg-

Breyting á tryggingagjaldi		
Gjald frá og með:	Hærra gjaldstig	Lægra gjaldstig
1. jan. 1991	6,00%	2,50%
1. feb. 1992	6,20%	2,70%
1. jan. 1994	6,55%	3,05%
1. maí 1994		3,20%
1. jan. 1995	6,51%	3,16%
1. apr. 1995		3,21%
1. jan. 1996	6,93%	3,63%
1. jan. 1997	6,28%	3,88%
1. jan. 1998	5,83%	4,23%
1. jan. 1999	5,53%	4,78%
1. jan. 2000	5,23%	5,23%

ingagjald sem lagt var á útflutningsfyrirtæki á tímabilinu frá júní til desember 1993. Reglurnar voru raunar þannig að þær nýttust einungis sjávarútvegsfyrirtækjum.

## STÖÐUGLEIKI ER FORSENDA HAGVAXTAR

Þá er ekki einungis átt við stöðugt verðlag heldur einnig aðra þætti er varða starfsumhverfi fyrirtækja þ.á.m. lög og reglur. Stöðugleiki, sem gerir stjórnendum fyrirtækja kleift að byggja framtíðaráætlanir, er forsenda nýsköpunar og framþróunar. Lögin um tryggingagjaldið hafa því miður aukið óvissuna í þessum áætlunum. Enginn veit hvert gjaldið verður á næsta ári - hvað þá þegar reynt er að horfa lengra fram á veginn líkt og er háttur góðra stjórnenda.

## MAGNAR HAGSVEIFLUR

Í lögunum um tryggingagjald, eins og þau voru samþykkt á Alþingi árið 1990,


er kveðið á um að ráðstafa skuli tilteknum hluta af gjaldstofni til greiðslu atvinnuleysisbóta. Þetta hlutfall var árið 1996 gert að sérstöku gjaldi innan tryggingagjaldsins og nefnt atvinnutryggingagjald. Því var ætlað að mæta fjárförf Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þessi tenging tryggingagjaldsins við fjárförf Atvinnuleysistryggingasjóðs á hverjum tíma og þar með atvinnuleysi er að mörgu leyti óæskileg. Í fyrsta lagi veldur slík tenging því að gjaldið er sífelldum breytingum háð. Þannig skýrast sumar þær breytingar, sem áður hafa verið nefndar, á hundraðshluta gjaldsins af því að löggjafinn hefur verið að elta spár um væntanlegt atvinnuleysi. Þessi tenging skapar óvissu og gefur stjórnálmönnum færi á að hækka gjaldið til að fjármagna alls óskylda hluti. Nánar um það síðar.

Í öðru lagi magnar þessi tenging hagsveifluna og er þannig til mikillar óþurftar. Gjaldið er hækkað þegar fyrirtækin takast á við efnahagslægð, samdrátt eða kreppu. Breytingin eykur erfiðleikana. Gjaldið er síðan lækkað í góðæri. Þetta gengur þvert á það sem kalla má skynsamlega hagstjórn. Réttara væri að hafa atvinnutryggingagjaldið fast hlutfall sem miðast við fjárförf Atvinnutryggingasjóðs og atvinnuleysi til langs tíma. Þannig safnast sjóður í góðæri til ráðstöfunar þegar verr árar.

## UNDARLEGAR HÆKKANIR

Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldinu hafa hækkað meira og hraðar en fjárförf Atvinnuleysistryggingasjóðs og launa-



greiðslur fyrirtækja gefa tilefni til. Árið 1991 skilaði tryggingagjaldið ríkissjóði 8,9 milljörðum króna í tekjur. Árið 1997 voru tekjurnar orðnar tæpir 14 milljarðar króna. Þetta er 57% hækkun eða 5,1 milljarður króna.

Ýmsar undarlegar hækkanir á tryggingagjaldi skýra af hverju tekjur ríkissjóðs af gjaldinu hafa hækkað umfram gjaldstofn og atvinnuleysi. Margar þessara hækkana koma tilgangi tryggingagjaldsins ekkert við. Nefna má þrjú dæmi. Á milli árunna 1996 og 1997 var gjaldið hækkað um 0,15% til að fjármagna breytingar á vörugjaldi. Gjaldið, sem er launaskattur, var hækkað til að fjármagna breytingar á neyslusköttum. Þetta er gagnstætt þeim straumum og stefnum sem fylgt er í skattamálum flestra nágrannaþjóða okkar. Ári síðar var gjaldið hækkað um 0,04 prósentustig til að mæta um 100 m.kr. kostnaðarauka Tryggingastofnunar af fæðingarorlofi feðra. Þessi breyting er óskiljanleg þar sem tryggingagjaldinu var aldrei ætlað að fjármagna einstaka útgjaldaliði Tryggingastofnunar. Samskonar breyting átti sér stað um síðustu áramót en þá var kostnaði við rekstur Fjárfestingarstofu lætt inn í tryggingagjaldið án nokkurrar kynningar eða samráðs við samtök atvinnurekenda. Áður stóð ríkið undir kostnaði af þeim rekstri.

#### LÆRDÓMUR

Þrennt má af sögu gjaldsins læra. Í fyrsta lagi ber að forðast að leggja á gjald sem mismunar fyrirtækjum. Slíkt kemur í veg fyrir að fjármagn, vinnuafli og aðrir framleiðsluþættir leiti þangað sem þeir skapa mest fyrir þjóðarþúð. Í öðru lagi ber að forðast að leggja á gjald sem tekur sífelldum breytingum og skapar stjórnvöldum þannig tækifæri til enn frekari afskipta á kostnað launagreiðenda. Í þriðja lagi er skattlagning af þessu lagi afar óheppileg því að hún hleðst upp í framleiðslukostnaði og bitnar harðast á vinnuafslfrekum samkeppnisgreinum.

Saga tryggingagjaldsins hefur orðið atvinnulífínu dýrkeypt. Hana ber að varðveita og nýta svo að löggjafinn setji ekki aftur lög sem mismuna og skapa óvissu atvinnu- og efnahagslífi landsmanna til skaða. Látum þá sögu ekki endurtaka sig.

*Ingólfur Bender*



## Yfirlit yfir helstu breytingar á þungaskatti og bifreiðagjaldi

**Skömmu fyrir jól samþykkti Alþingi breytingar á þungaskatti og bifreiðagjöldum. Helstu breytingar eru þessar:**

#### ÞAK Á BIFREIÐAGJALD

Á bifreiðagjald er sett 36.200 kr. þak á innheimtuútmabili (6 mánuðir). Þakið var afnumið í fyrrasumar en er nú komið aftur. Bifreiðgjald þungra bíla bækkar verulega, t.d lækkar bíll með 15 tonna eiginþyngd um 14.014 kr á hálfu ári en 20 tonna bíll lækkar um 24.014 kr. Breytingin er afturvirk og kom það, sem greitt var umfram 36.200 kr. á seinni hluta, til lækkunar á bifreiðagjaldi nú í janúar.

#### ÞUNGASKATTUR HÆKKAR

Frá álestri, sem nú stendur yfir, hækkar km gjald um 3,5 % og hækkar síðan aftur um 2 % 11. júní næstkomandi. Hundrað þúsund króna fastagjald, sem sett var á þyngri bíla en 14 tonn í fyrra, verður óbreytt. Þungaskattur á fólksbíla og jeppa, sem eru á föstu gjaldi, hækkar um 3,5% frá og með áramótum.

#### 100.000 KR FASTAGJALD AF EFTIRVÖGNUM AFNUMIÐ EN KM GJALD HÆKKAR

Eitthundraðþúsund króna fastagjald af eftirvögnum hefur verið fellt niður. Á móti kemur að gjaldskrá kílómetragjalds eftirvagna hefur verið lækkuð um 20%.

Þessi breyting tekur gildi 11. febrúar.

#### FAST GJALD EF EKIÐ ER MEIRA EN 95.000 KM Á ÁRI

Ef fyrriséd er að bíll aki meira en 95000 km er í upphafi árs mögulegt að óska eftir að fara á fastgjald sem er kílómetragjald x 95000 + 100.000 kr. Greiða menn þá jafnt allt árið en akstur umfram 95000 km er gjaldfrjáls. Hyggist menn nýta þessa heimild skal það tilkynnt ríkisskattstjóra fyrir 11. febrúar.

#### INNLOGN NÚMERA 15 DAGAR Í STAÐ 30

Lágmarks tími til að njóta endurgreiðslu af fastgjaldi hefur verið styttr úr 30 dögum í 15 daga. Skráningarstofan hefur samið við Íslandspóst, vegna þeirra sem búa úti á landi, um að hægt verði að leggja númer inn á pósthúsum. Gildistaka var 1. janúar.

#### NÁMABIFREIÐAR (BÚKOLLUR) UNÐANÞEGNAR ÞUNGASKATTI

Frá og með næsta gjaldtímabili (11. febrúar) verða námabifreiðar leystar undan þungaskatti.

*Arni Jóhannsson*



# Iðnþing 1999 – Evrópa

(European Customer Satisfaction Index)

– mat á gæðum þjóðarframleiðslu byggt á mælingum

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins þ. 26. febrúar nk. mun Dr. Jan Eklöf, prófessor við Viðskiptaháskólann í Stokk-hólmi, halda erindi um Evrópsku ánægjuvögina (European Customer Satisfaction Index) og segja frá reynslu Svía af að mæla ánægju viðskiptavina sænskra fyrirtækja og stofnana en það hefur verið gert með reglubundnum hætti allt frá árinu 1989. Í þessari grein er í stuttu máli gerð grein fyrir „ánægjuvögin“ ásamt stöðu og þróun hennar í Evrópu og Bandaríkjunum.

## ÁNÆGJUVOG VIÐSKIPTAVINA HVAÐ ER ÞAÐ?

Ánægjuvog viðskiptavina eða „Customer satisfaction index“ er spennandi viðfangsefni sem mikið er rætt í Evrópu og Bandaríkjunum um þessar mundir sem liður í að meta og bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana í öllum starfsgreinum.

Umræðan snýst meðal annars um með hvaða hætti sé hægt að safna saman á skipulegan hátt, gögnum um ánægju viðskiptavina fyrirtækja, stofnana, starfsgreina, landa og jafnvel heilla viðskiptablokka eða heimshluta. Hugmyndin er að fá fram vel skilgreindan, tölfræðilegan mælikvarða sem gefur skýrar vísbendingar um hversu vel gengur að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavinanna.

Fyrirtæki, sem hefur komið sér upp vel skilgreindu ferli til að mæla ánægju viðskiptavina sinna, hefur mun betri forsendur til að taka ákvarðanir um umbætur í vöru- og þjónustuframboði sínu og bregðast við áður en áhrifa fer að gæta í tekjum heldur en fyrirtækja sem lítið vita um ánægju viðskiptavina sinna. Ánægjuvögin skapar þannig grundvöll fyrir mun markvissari gæðastjórnun og leiðir til jákvæðari ímyndar, aukinnar trygðar viðskiptavina og betri samkeppnishæfni en ella. Þetta dregur úr áhrifum verðsveiflna og undirboða.

Töluverðar væntingar eru bundnar við að „Evrópska ánægjuvögin“ geti orðið

mikilvægt verkfæri til að örva þróun á sviði gæðamála og árangur á öllum sviðum atvinnulífsins. Ánægjuvögin er hugsuð þannig að hún nýtist einnig til að mæla ánægju með þjónustu ríkisins, t.d. skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins, samgöngukerfisins o.s.frv.

Með því að reikna meðalgildi ánægjuvogar fyrirtækja, sem samanlagt standa fyrir meira en 75% af veltu í tiltekinni starfsgrein, fæst marktækur mælikvarði á ánægju viðskiptavina greinarinnar í heild. Með því að taka inn vægi greinarinnar í landframleiðslu má síðan meta gæði þjóðarframleiðslunnar í heild. Ef mælingar eru samræmdar milli landa fæst einnig góður samanburður milli landa hvort sem um er að ræða einstök fyrirtæki, starfsgreinar eða þjóðarframleiðslu í heild.

Ef vel tekst til gæti slíkur mælikvarði orðið álfka mikilvægur í umræðunni um efnahagsmál og verðbólga, aukning þjóðarframleiðslu og atvinnuleysi. Því er jafnvel haldið fram að mælikvarðar eins og lágt verðbólguþing og aukning þjóðarframleiðslu séu haldlitlir til að meta árangur í efnahagsstjórn ef ekki fer jafnframt fram mæling á gæðum þessarar þjóðarframleiðslu.

## STAÐA ÁNÆGJUMÆLINGA Í EVRÓPU OG BANDARÍKJUNUM

Svíar hafa unnið með „Swedish Customer Satisfaction Barometer“ (SCSB) frá árinu 1989 og í Þýskalandi hefur „Das Deutsche Kundenbarometer“ (DK) verið beitt síðan 1992. Nokkuð er síðan byrjað var að þróa „ánægjuvögina“ í Austurríki, Sviss, Danmörku, Frakklandi og Ítalíu og stöðugt bætast fleiri ríki í hópin.

Í Evrópu er um þessar mundir að fara af stað forverkefni um þróun á „Evrópsku ánægjuvögin“ en að því verkefni standa EOQ (European Organisation for Quality) og EFQM (European Foundation for Quality Management) auk Evrópusambandsins sem stuðningsaðili.

Verkefnið tengist hinni nýju „hvítbók“ Evrópusambandsins um „Samkeppnishæfni Evrópu“ („Growth, Competitiveness and Employment“) en þar er áhersla á aukna ánægju viðskiptavina evrópskra fyrirtækja og stofnana eitt af grundvallaratriðunum.

Í Bandaríkjunum hefur American Quality Foundation notað sænska módelið sem grunn að „The American Customer Satisfaction Index“ (ACSI) frá 1993.

## REYNSLA SVÍA

Svíar eru komnir hvað lengst Evrópuþjóða í að þróa ánægjuvögina. Þeir hafa unnið að þróun „Swedish Customer Satisfaction Barometer“ (SCSB) frá 1989. Árlega hefur verið gerð símakönnun meðal 35.000 viðskiptavina sænskra fyrirtækja og stofnana sem samtals standa undir um 60% af þjóðarframleiðslu Svía.

Þátttakendurnir eru spurðir spurninga sem tengjast reynslu þeirra af vörum og viðskiptunum við tiltekin fyrirtæki og hvaða áhrif sú reynsla hafi varðandi framtíðaráform um viðskipti. Spurningarnar gefa kost á að meta ánægju viðskiptavinarins almennt, ánægju í samanburði við væntingar og einnig ánægju í samanburði við besta hugsanlega valkost (ideal). Áhrifin eru einnig mæld með spurningum á borð við: „Hefur þú í hyggju að halda áfram viðskiptum?“

Endanleg úrvinnsla svara er sett fram á mæliskalanum 0-100 og eru niðurstöðurnar birtar opinberlega. Ánægjuvog þeirra fyrirtækja, sem standa best og meðaltal starfsgreina, kemur þannig fram sem mikilvægur mælikvarði á árangur og er birt ásamt öðrum lykiltölum í yfirlitum og samanburðartölum sem teknar eru saman árlega m.a. í helstu viðskiptatímritum í Svíþjóð. Þannig er einnig fylgst með breytingum milli ára.

Ólíkt öðrum mælikvörðum á árangur, er ánægjuvögin vísbending bæði fram og aftur í tímann. Vögin segir til um hvernig fyrirtæki hafi staðið sig í fortíðinni gagnvart viðskiptavinum sínum, jafnframt því að gefa einnig vísbendingu um hvernig

# Ópska Ánægjuvogin (Customer Satisfaction Index)

## Um á ánægju viðskiptavina fyrirtækja og stofnana

viðskiptavinirnir hyggjast breyta gagnvart fyrirtækinu í framtíðinni.

Svíar eru telja sig hafa það góða reynslu af „Sænsku ánægjuvuginni“ að þeir stefna að því að festa hana enn frekar í sessi. Þeir telja sig hafa náð mjög góðum árangri varðandi áreiðanleika vogarinnar. Þetta hefur leitt til þess að Bandaríkjamenn hafa einnig byggt á sama líkani og þær umræður, sem fara fram um þessar mundir um „Evrópsku ánægjuvogina,“ stefna í sömu átt.

Tengsl ánægjuvogarinnar við rekstrarlegan árangur eru einnig mjög mikilvæg. Gerðar hafa verið athuganir á fylgni ánægjuvogarinnar og arðsemi fyrirtækja. Komið hefur í ljós sterk fylgni milli arðsemi fyrirtækja og ánægjuvogar. Fyrirtækjunum var skipt í tvo hópa eftir því hvort ánægjuvugin hækkaði eða lækkaði milli ára.

Meðaltalshækkun ánægjuvogarinnar í fyrri hópnum var 4,2% en í seinni hópnum – 2,8%. Arðsemi eigin fjár var að meðaltali 10% í fyrri hópnum en –14,2% í seinni hópnum.

Auk framangreindrar fylgni hefur einnig verið sýnt fram á sterk áhrif breytinga á ánægjuvuginni á gengi hlutabréfa á sænska verðbréfaþinginu.

Heildaráhrifin af ánægjuvuginni meta

Svíar þannig að hún hafi leitt til aukinnar áherslu á gæðastjórnun sem mikilvægs tækis til að auka ánægju viðskiptavina og bæta rekstrarárangur. Sú athygli, sem ánægjuvugin hefur fengið í Svíþjóð, hefur leitt til þess að gæðastjórnun hefur komist meira inn í almenna umræðu en víðast hvar annars staðar.

Reynsla Bandaríkjamanna af ánægjuvuginni er nokkru minni en Svía. Á þeim 4-5 árum sem „American Quality Foundation“ hefur unnið með „The American Customer Satisfaction Index“ (ACSI) hefur þeim þó tekist að vekja töluverða athygli á þessum mælikvarða. Þeir ganga mun lengra í að birta ánægjuvög einstakra fyrirtækja en Svíar og birta niðurstöðurnar árlega í Fortune tímaritinu. Þar hefur verið sýnt fram á sterka fylgni milli breytinga á gengi hlutabréfa á hlutabréfamarkaði í takt við breytingar á ánægjuvuginni. Um leið og birtur er listi yfir ánægjuvogina má merkja aukna eftirspurn og hækkun gengis þeirra fyrirtækja sem sýna jákvæða þróun 10 næstu daga og öfugt fyrir þau fyrirtæki sem sýna neikvæða þróun.

Sú sterka fylgni sem virðist vera milli ánægju viðskiptavina (ánægjuvogar), tryggðar viðskiptavina og rekstrarárangurs hefur vakið athygli og sívaxandi

áhuga stjórnenda fyrirtækja fagfólks á fyrirtækjastjórnun um allan heim.

### ÞRÓUN ÁNÆGJUVOGAR Í EVRÓPU Á NÆSTU ÁRUM


Forverkefni, sem byggist á góðri reynslu Svía og Bandaríkjamanna, er um þessar mundir að fara af stað með stuðningi Evrópusambandsins um þróun „European Customer Satisfaction Index“. Líklega munu 15 ríki taka þátt í verkefninu, þar á meðal Ísland, en Gæðastjórnunarfélag Íslands og Samtök iðnaðarins hafa fyrir hönd Íslands tekið þátt í undirbúningi verkefnisins.

Töluverð vinna hefur verið lögð í að staðla spurningar og samræma milli starfsgreina og landa en það er mikilvægt til þess að geta borið saman árangur milli landa, starfsgreina eða fyrirtækja. Starfsgreinar, sem væntanlega verða með í fyrstu umferð eru fjármálafyrirtæki, tryggingafélög, matvælaíðnaður, símafyrirtæki, stórmarkaðir og framleiðendur raftækja fyrir neytendamarkað.

Evrópusambandið fjármagnar sameiginlega kostnaðarliði svo sem samræmingu spurninga, þjálfun og úrvinnslubúnað, ásamt kynningu á niðurstöðum á evrópskum vettvangi. Fjármögnun gagnasöfnunar og úrvinnslu er viðfangsefni sem hvert þátttökuríki verður að standa fyrir sjálf. Hér á landi hefur verið unnið að fjármögnun verkefnisins og er hún vel á veg komin.

Það verður spennandi að fylgjast með þróun þessa verkefnis á næstu árum en þeir, sem vilja kynnast þessu máli frekar, eru hvattir til að koma á Iðning Samtaka iðnaðarins þann 26. febrúar nk. en þar mun Dr. Jan Eklöv fjalla nánar um málið. Hann er prófessor við Viðskiptaháskólann í Stokkhólmi og framkvæmdastjóri „Sænsku ánægjuvogarinnar“. Hann er jafnframt verkefnisstjóri „Evrópsku ánægjuvogarinnar,“ þannig að hér er án efa á ferðinni sá sem best þekkir til þróunar ánægjuvogar á evrópskum vettvangi um þessar mundir.

David Lúdvíksson



# Málmgarður tekur til starfa

Á síðasta ári var ákveðið að stofna samráðsvettvang allra þeirra sem tengjast framleiðslu léttmálma og úrvinnslu úr þeim hér á landi. Markmiðið var að vinna að vöruþróun slíkra málma ásamt með markaðs- og tæknirannsóknum á því sviði og stuðla að menntun þeirra sem nálægt þeirri starfsemi koma svo og almennri upplýsingamiðlun á sviði léttmálma.

Í september sl. var samþykkt stofnskrá Málmgarðs og þar með var ofangreindur samráðsvettvangur orðinn að veruleika. Framleiðendur og úrvinnsluaðilar léttmálma eiga aðild að félaginu ásamt Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun, Samtökum iðnaðarins og öðrum þeim sem áhuga hafa á málefninu. Stjórn Málmgarðs skipa fimm menn og er Ingólfur Þorbjörnsson á Iðntæknistofnun formaður. Fulltrúi Samtaka iðnaðarins í stjórninni er Ingólfur Sverrisson.

Um þessar mundir er stjórn félagsins að ganga frá ráðningu verkefnisstjóra Málmgarðs en hann verður þar í 50% starfi en starfar að öðru leyti hjá Iðntæknistofnun. Þá hefur stjórn félagsins verið að vinna ýmiskonar undirbúnings-



vinnu og ákveða á hvaða þætti verði lögð áhersla fyrstu misserin í starfi félagsins. Í þeim efnum hefur m.a. verið ákveðið að leita eftir samstarfi við þá skóla (iðn- og fjölbrautaskóla), sem hafa menntun iðnaðarmanna á sinni könnu og vinna með þeim að því að kynna málmsteypu og hverskonar meðferð léttmálma. Þá hefur verið sótt um styrk til Rannsóknarráðs í samvinnu við Iðntæknistofnun til þess að vinna verkefni á sviði magnisíum- og álúrvinnslu. Stefnt er að því að gera úttekt á völdum framleiðsluáðferðum sem hentað gætu íslenskum aðstæðum, kannaðar forsendur tækninnar, tækjabúnaðar sem nota þarf við framleiðslu að viðbætt-

um frumkönnun á markaðsforsendum og markaðsþróun á þessu sviði.

Ljóst er að mörg athyglisverð verkefni bíða Málmgarðs og nægir að benda á alla þá álframleiðslu sem fer fram hér á landi en er nánast öll flutt úr landi óunnin. Þá er ekki síður margt mjög áhugavert sem gæti skapast í þessum efnum ef þær vonir rætast að hér verði sett á laggirnar magnisíumverksmiðja. Að öllu þessu – og ýmsu fleiru – mun stjórn Málmgarðs huga á næstu misserum.

*Ingólfur Sverrisson*





# Lofsvert lagnaverk

Um átta ára skeið hefur Lagnafélag Íslands veitt árlega viðurkenningu fyrir góða hönnun og fagmannlega framkvæmd við lagna- og loftræstikerfi. Þetta ágæta framtak Lagnafélagsins hefur tvímælalaust orðið til þess að hvetja hönnuði og fagmenn til að vanda vel til verka og leitt til aukins metnaðar sem er hverri starfsgrein bráðnauðsynleg.

Á þessu ári ákvað sérstök viðurkenningarnefnd Lagnafélagsins að veita þeim sem hönnuðu, smíðuðu og settu upp lagna- og loftræstikerfið fyrir hús Hæstaréttar Íslands viðurkenningu fyrir árið 1998. Formaður nefndarinnar, Valdimar K. Jónsson, sagði við afhendingu viðurkenningarinnar, sem fram fór við hátíðlega athöfn í húsi Hæstaréttar: „Heildarverk við lagnir í Hæstarétti Íslands eru öll til fyrirmyndar og hvergi teljandi hnökur á að mati nefndarinnar. Aðgengi að öllum tækjum og lögnum er gott, kerfisuppbygging einföld og skilvirk og handverk allt til fyrirmyndar.”

Þau iðnfyrirtæki, sem hér komu við sögu, fengu einnig viðurkenningar. Þau eru KK-Blikk hf., sem annaðist smíði og uppsetningu loftræstikerfis hússins og Húsalagnir ehf., sem sá um uppsetningu og frágang pípulagna.

Eftir hátíðlega athöfn, þar sem forseti Íslands afhenti mönnum og fyrirtækjum viðurkenningar, skoðuðu viðstaddir lagnaverkin og sannfærðust um að þessi fyrirtæki og starfsmenn þeirra unnu þarna mjög gott verk og voru því vel að viðurkenningu komnir. Almenna verkfræðistofan hf. hannaði lagna- og loftræstikerfi hússins en Studio-Granda annaðist heildarhönnunina. Eins og kunnugt er fékk Studio-Granda einnig hin eftirsóttu verðlaun Norrænu blikksmíðameistarasarntakanna 1997 fyrir athyglisverða notkun á þunnmálmum utan á húsinu.

Ennfremur hlaut Karl Magnússon blikksmíðameistari viðurkenningu fyrir sérstaklega gott handverk og fyrirmyndar frágang á skiljukerfi í Kassagerð Reykjavíkur.

## Einokunarhringur dæmdur

Framkvæmdastjórn ESB hefur dæmt fyrirtæki innan samtaka evrópskra hitaveituróraframleiðenda til hárra fjársekta alls um 8 milljarða íslenskra króna fyrir hringamyndun.

Í dómnum er ekki fjallað um aðgerðir þeirra á Íslandi en SET hf. á Selfossi var um margt í svipaðri stöðu og sænska fyrirtækið Powerpipe AB sem kærði samtökin árið 1995 og hefur rannsókn staðið yfir síðan.

### ÍSLENSKI

#### HITAVEITURÖRAMARKAÐURINN

Árið 1989 voru felld niður aðflutningsgjöld á innflutt stálrör. Forinangruð hitaveiturör féllu einnig undir þessi gjöld og erlendir framleiðendur hitaveituröra sýndu íslenska markaðnum mikinn áhuga eftir niðurfellinguna. Þau innlendu fyrirtæki, sem voru starfandi á þessu sviði hér á landi á þeim tíma, voru Börkur hf. í Hafnarfirði og SET hf. á Selfossi.

Eftir að niðurstöður og dómur liggja fyrir í máli erlendu framleiðendanna er fullvíst að aðgerðir þeirra hafa náð til Íslands eins og annara landa. Börkur hf. hætti starfsemi en SET hóf vinnu að gæða og framleiðnimálum. Undirboð dönsku fyrirtækjanna hér á landi voru áberandi einmitt á þeim tíma sem samráð þeirra stóð með mestum blóma, frá árinu 1990 og fram yfir 1995. Þessar aðstæður voru SET erfiðar á þeim tíma en hafa stuðlað að bættum áherslum í rekstrinum sem fyrirtækið nýtur nú góðs af.

Íslenskar hitaveitur hafa aftur á móti búið við töluvert lægra markaðsverð á hitaveiturörum en t.a.m. danskar og þýskar af þessum sökum. Samkeppni hefur hins vegar aukist á mörkuðum erlendis undanfarin ár eftir að rannsókn ESB hófst.



# Auglýst

eftir litlum og meðalstórum fyrirtækjum á sviði matvæla til að taka þátt í Evrópusamstarfi

## AÐSTOÐ VIÐ ÞÁTTTÖKU Í 5. RAMMAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Samtök iðnaðarins, í samvinnu við alþjóðasvið Rannís og Kynningarmiðstöð Evrópurannsóknna (KER), hafa hlotið styrk frá Evrópusambandinu til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki á matvælasviði til þátttöku í 5. rammaáætluninni. Fyrirtækin geta verið á hvaða sviði matvælaframleiðslu sem er s.s. bakarí, fiskvinnsla, sælgætisgerð, kjötvinnsla, drykkjarvöruframleiðsla, o.s.frv., einnig fiskeldi og framleiðsla garðávaxta að uppfylltum skilyrðum Evrópusambandsins að geta kallast lítil eða meðalstór. Sjá einnig grein í desemberhefti Íslensks iðnaðar.

## Í HVERJU FELST AÐSTOÐIN?

Fyrirtækjum verður boðin aðstoð við að undirbúa þátttöku í 5. rammaáætluninni. Aðstoðin felst í því að skilgreina tæknilegt vandamál í framleiðsluferli fyrirtækisins eða nýjung sem gæti bætt framleiðslu þess og aukið samkeppnishæfni. Þá er fyrirtækið aðstoðað við að finna samstarfsaðila gegnum net sérfræðinga í öðrum Evrópulöndum. Þegar heppilegir samstarfsaðilar eru fundnir býðst fyrirtækinu ókeypis aðstoð sérfræðings, sem getur numið allt að 12 tíma vinnu, við að skrifa umsókn um styrk til verkefnisins. Auk þess má benda á að Rannsóknarráð Íslands býður fyrirtækjum ferðastyrki til að fara og

hitta erlenda samstarfsaðila. Evrópusambandið stendur reglulega fyrir verkefnafundum þar sem starfsmenn fyrirtækja geta hist og kynnt hugmyndir sínar fyrir væntanlegum samstarfsaðilum. Einn slíkur fundur á sviði matvælavinnslu er í undirbúningi í maí eða júní nk.

Þessa dagana er verið að safna upplýsingum um fyrirtæki sem hafa sem áhuga á að nýta sér þessa þjónustu og eru þau eindregið hvött til að hafa samband við Ragnheiði Héðinsdóttur á skrifstofu Samtaka iðnaðarins í síma 511 5555 og Hjördísi Hendriksdóttur hjá Rannsóknarráði Íslands í síma 562 1320.

## Kynningarbæklingur um efni reglugerðar nr. 302/1998 um kjöt og kjötvörur

Nýlega kom út kynningarbæklingur til skýringar á breytingum sem urðu þegar reglugerð nr. 302/1998 um kjöt og kjötvörur tók gildi.

Markmiðið með útgáfu bæklingins er að vekja athygli almennings á því að reglurnar hafi tekið gildi og hvernig hægt er að nýta sér þær upplýsingar sem koma fram á umbúðum kjötvara. Bæklingnum er einnig ætlað að leiðbeina starfsfólki í kjötvinnslu og nýttast sem kennsluefni fyrir kjötiðnaðinn. Reglugerðin tók gildi 10. júní 1998 og var þá gefinn aðlögunartími til að koma í kring breytingum sem kveðið er á um í henni. Ákvæði um nafngiftir og innihaldslýsingar tóku gildi 6 mánuðum eftir birtingu reglugerðarinnar eða 10. desember sl. en ársfrestur var gefinn til að koma á merkingum næring-

argildis og taka þau ákvæði gildi 10. júní á þessu ári.

Meðal þeirra breytinga, sem reglugerðin hefur í för með sér og varða nafngiftir vara, má nefna að nú heitir ekkert hamborgarhryggur nema saltaður og léttreyktur purulaus svínahryggur. Tíðkast hefur að kalla léttreyktan lambahrygg lambahamborgarhrygg en það má ekki lengur. Sama á við um skinku. Skinku er aðeins hægt að framleiða úr svínakjöti. Samþærilegt álegg úr öðrum kjöttegundum, t.d. lamba- eða kalkúnakjöti verður að heita eitthvað annað en skinka. Vara, sem heitir nautahakk, má eingöngu innihalda hakkað ungneytakjöt, þ.e. kjöt af 12-30 mánaða gömlum nautgripum.

Bæklingurinn er unninn í samvinnu



Hollustuverndar ríkisins, Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Samtaka iðnaðarins. Umhverfisráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti tóku auk þess þátt í kostnaði við útgáfu hans. Bæklinginn er hægt að nálgast hjá öllum ofangreindum aðilum.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Nýjar og breyttar reglugerðir á matvælasviði

Nokkrar breytingar urðu á reglugerðum sem varða matvælaíðnaðinn á síðasta ári. Þær helstu eru taldar upp hér að neðan. Hollustuvernd ríkisins vinnur að því að birta allar reglugerðir sem unnar eru í þeirri stofnun uppfærðar með áorðnum breytingum á vef stofnunarinnar «hyperlink <http://www.hollver.is>». Það ætti að auðvelda fyrirtækjum að átta sig á hvaða reglur eru í gildi.

### Reglugerðir unnar á matvæla- og heilbrigðissviði Hollustuverndar ríkisins:

Reglugerð nr. 68/1998 um ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur (26/01/98).

Reglugerð nr. 293/1998 um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1998 með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 302/1998 um kjöt og kjötvörur.

Reglugerð nr. 493/1998 um breytingu á reglugerð nr. 289/1994 um leysiefni til notkunar í matvælaíðnaði, sbr. breytingu nr. 562/1995.

Reglugerð nr. 674/1998 um megrunaræði.

Reglugerð nr. 692/1998 um breytingu á reglugerð nr. 390/1995 um ölkelduvatn.

Reglugerð nr. 705/1998 um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli.

Reglugerð nr. 747/1998 um breytingu á reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn.

Reglugerð nr. 750/1998 um breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum með síðari breytingum nr. 563/1995 og 574/1997.

Reglugerð nr. 773/1998 um breytingu á reglugerð nr. 579/1993 um aukefni í matvælum með síðari breytingu nr. 767/1997.

### Reglugerðir gefnar út af landbúnaðarráðuneyti:

Reglugerð nr. 90/1998 um breytingu á reglugerð nr. 219/1995 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Reglugerð nr. 122/1998 um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 191/1998 um hreinlæti í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum þeirra.

Reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingar sláturafurða.


Reglugerð nr. 504/1998 um vistvæna landbúnaðarframleiðslu.

Reglugerð nr. 553/1998 um breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fódri, með síðari breytingum nr. 718/1995 og 519/1996.

## Fræðslustofnanir iðnaðarins stækka við sig

Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðsluráð málmíðnaðarins og Prenttæknistofnun hafa gengið frá samningum við Húsfélag iðnaðarins um verulega stækkun leiguhúsnæðis. Á undanförmum mánuðum hafa fræðslustofnanirnar samið um aukna verkefnavinnu, m.a. fyrir starfsgreinaráðin og menntamálaráðuneytið en það kallar á fleira starfsfólk og stærra húsnæði.

Í Félags- og fræðslumiðstöð iðnaðarins í Húsi iðnaðarins á Hallveigarstíg 1 eru fimmtán félög í iðnaði. Meðal fræðslustofnana þar eru Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðsluráð málmíðnaðarins og Prenttæknistofnun. Starfsemi þessara félaga hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og því hafa þau stækkað leigusvæði sitt um 140 m<sup>2</sup>. Í vor verður hafist handa við að innrétta viðbótarhúsnæðið í samræmi við núverandi húsnæði FFI. Þessar breytingar verða um garð gengnar næsta haust og mun þá nánast öll starfsemi á fyrstu hæð hússins verða á vegum iðnaðarins.



## Dagbók SI 1999

Árlega gefa Samtök iðnaðarins út dagbók með upplýsingum um starfsemi sína, starfsfólk Samtakanna og síðast en ekki síst hagtölur iðnaðarins. Hagtölurnar eru teknar saman á skrifstofu Samtakanna en upplýsingar fengnar m.a. frá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands.

**09.30 Formót**

**Nýir framleiðsluhættir í iðnaði á Íslandi**

**Hvernig náum við árangri á heimsælikvarða ?**

Gunnar Örn Gunnarsson, forstjóri, Kísiliðjan hf.

Jón Sigurðsson, forstjóri, Össur hf.

Steinþór Skúlason, forstjóri, Sláturfélag Suðurlands svf.

Jónas Frímansson, aðstoðarframkvæmdastjóri, Ístak hf.

**Umræða í pallborði með þátttöku iðnpingsgesta**

**11.45 Mæting og afhending fundargagna**

**Kvartett Tómasar R. Einarssonar leikur nokkur lög**

**12.00 Iðnping sett – Haraldur Sumarliðason formaður**

*Gestir Iðnpings eru beðnir að mæta stundvíslega vegna þess að veislusalnum verður lokað meðan Forseti Íslands afhendir viðurkenningu verðlaunasjóðs iðnaðarins.*

**12.15**

**Viðurkenning Verðlaunasjóðs iðnaðarins,**

Forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson

**Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins**

**Ræða formanns SI, Haraldar Sumarliðasonar**

**Ræða iðnaðarráðherra, Finns Ingólfssonar**

**Evrópska ánægjuvogin – European Customer Satisfaction Index**

**Evrópska ánægjuvogin - formáli, Davíð Lúðvíksson**

**Reynslan af Sænsku ánægjuvoginni og kynning á verkefni um upp**

**byggingu Evrópsku ánægjuvogarinnar, Dr. Jan Eklöv, Stockholm School of Economics**

**Umræður og fyrirspurnir**

**15.45 Aðalfundarstörf**

**Ályktun Iðnpings afgreidd**

**17.00 Þingslit**

Árshóf Samtaka iðnaðarinsins verður í veislusal Húss iðnaðarins Gullhömrum að kveldi 26. febrúar.

Fordrykkur borinn fram kl. 19.30 Hljómsveitin Snillingarnir leika fyrir dansi.

Miðaverð er 3.600 krónur sem er matarkostnaður.

Við hvetjum félagsmenn til að hafa samband við Þóru Ólafsdóttur til að panta miða.

Sími 511 5555, fax 511 5566, netfang thora@si.is